

Alþingi
Erindi nr. P 140/1222
komudagur 29.2.2012



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. febrúar 2012
Tilvísun: 2012020013
GL/SE/BH
Tölvupóstur 08.02.2012.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun 2011-2022, 342. mál.

Vegagerðin hefur kynnt sér tillögu til þingsályktunar um tólf ára fjarskiptaáætlun og leggur til eftirfarandi breytingartillögu:

Í kaflanum um „Stefnumótun“, 1. liður „Markmið um aðgengileg og greið fjarskipti.“, er lagður til nýr stafliður 1, svohljóðandi:

„Tryggt verði farsamband á öllum stofnvegum landsins.“

Ástæða þess að Vegagerðin gerir ofangreinda breytingartillögu er sú að ekki er búið að koma upp farsambandi (GSM sambandi) fyrir alla stofnvegi landsins. Í athugasemdum við þingsályktunartillöguna kemur fram í kaflanum „Farsamband.“ eftirfarandi texti: „Fyrir tilstilli Fjarskiptasjóðs nær hún (þ.e. farsambandið) einnig til alls stofnvegakerfisins og til ýmissa fjölsótttra ferðamannastaða.“. Orðið „alls“ er ekki rétt, því GSM farsamband er ekki í mörgum jarðgöngum landsins sem eru hluti stofnvegakerfis.

Skv. lögum nr. 132/2005 hefur fjarskiptasjóður þann tilgang að stuðla að uppbyggingu á sviði fjarskiptamála á grundvelli fjarskiptaáætlunar. Vegagerðin hefur ítrekað óskað eftir aðkomu fjarskiptasjóðs um það verkefni að tryggja GSM farsamband í þeim jarðgöngum sem ekki hafa slíkt samband og eru hluti stofnvegakerfis landsins, en án árangurs. Af þessum sökum telur Vegagerðin mikilvægt að verkefnið fái sérstakan staflið í fjarskiptaáætlun landsins.

Virðingarfyllst,

Gunnar Gunnarsson, aðstoðarvegamálastjóri